

Frístund í Grunnskóla Fjallabyggðar kl. 13.35 – 14.35 haust 2023.

Eftirfarandi er stutt lýsing á þeim viðfangsefnum sem nemendum í 1. – 4. bekk gefst tækifæri á að velja í Frístund. Frístund er frístundastarf, samstarfsverkefni Fjallabyggðar, íþróttafélaga, tónlistarskólans og grunnskólans. Nemendum er boðið upp á að fara í Frístund, frístundastarf í klukkustund, strax að lokinni kennslu grunnskólans. Starfið fer ýmist fram í íþróttahúsinu/sundlauginni eða grunnskólanum. Nemendum er keyrt á milli grunnskólans og íþróttahúss/sundlaugar í Frístund.



Hringekja - valsvæði

Starfsmenn í Frístund setja upp nokkur viðfangsefni fyrir hvern dag og geta nemendur í 1.-2. bekk valið um verkefni innan hvers dags. Viðfangsefnin geta verið frjáls leikur, útivera, föndur, spil, myndasögugerð, tröllaleir, skák, leikir í sal, osmo o.fl. Viðfangsefni sem eru í vali geta verið misjöfn milli daga.



Bland í poka með Kristínu

Fjölbreytt viðfangsefni. Sem dæmi má nefna útiveru, föndurgerð og fjölbreyttan leik. Kennari: Kristín Jónsdóttir.

Fjöldatakmörk eru í Bland í poka , 15 börn. Fyrstir skráir fyrstir fá. Ef fleiri en 15 börn eru skráð í Bland í poka hefur skólaritari samband við þá foreldra sem skrá eftir að 15 barna takmarkinu er náð og býður foreldrum að velja aftur



Sund

Nemendum í 3.-4. bekk gefst kostur á að velja að fara í sund í umsjón sundkennara. Athugið að hver nemandi getur bara fengið einu sinni að velja sund, ekki bæði á þriðjudögum og fimmtudögum. Kennari: Hallgrímur Þór Harðarson. **Fjöldatakmörk eru í sundhópa, 15 börn. Fyrstir skráir fyrstir fá. Ef fleiri en 15 börn eru skráð í sundhópin hefur skólaritari samband við þá foreldra sem skrá eftir að 15 barna takmarkinu er náð og býður foreldrum að velja aftur.**



Dansskóli

Í Dansskólanum er unnið með klassíska og nútímataekni í bland. Nemendur þjálfa upp styrk ásamt liðleika, og verður sett upp danssýning í lok annar/vetrar. Æfingarnar eru fyrir nemendur í 2.-4. bekk. Dansinn er tilvalinn fyrir einstaklinga sem hafa gaman af að tjá sig og fá útrás.

Dansformin verða á klassískan máta ásamt nútímadansi.

Danskennari er Sylvie Roulet.

Æfingarnar eru í boði Fjallabyggðar á þessari önn. **Hámarksfjöldi í hóp eru 18**

nemendur. Fyrstir skrá, fyrstir fá! Ef fleiri en 18 börn eru skráð í danshópinum hefur skólaritari samband við þá foreldra sem skrá eftir að 18 barna takmarkinu er náð og býður foreldrum að velja aftur.



Íþróttaskóli hjá Ungmennafélaginu Glóa

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá Umf. Glóa í Frístund greiða æfingagjöld til félagsins. Alhliða hreyfing; þrautabrautir, fimleikar og leikir fyrir nemendur í 1.-2. bekk.

Þjálfari: Þórarinn Hannesson

Íþróttafélög innheimta hófleg æfingagjöld í gegnum Sportabler. Hægt er að nýta frístundastyrk til greiðslu æfingagjalda. Hámarksfjöldi í hóp eru 22 nemendur. Fyrstir skrá, fyrstir fá! Ef fleiri en 22 börn eru skráð í Glóa hefur skólaritari samband við þá foreldra sem skrá eftir að 22 barna takmarkinu er náð og býður foreldrum að velja aftur.



Æfingar hjá Knattspyrnufélagi Fjallabyggðar (KF)

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá KF í Frístund greiða æfingargjöld til félagsins. Ekki komast allar æfingarnar fyrir á milli kl. 13.35 – 14.35 hjá 1.-4. bekk og eru þær æfingar sem upp á vantar eftir skóla.

ATH að æfing á föstudegi 3.-4. bekk er bara fyrir stúlkur.

Íþróttafélög innheimta hófleg æfingagjöld í gegnum Sportabler. Hægt er að nýta frístundastyrk til greiðslu æfingagjalda.



Æfingar hjá Tennis- og badmintonfélagi Siglufjarðar (TBS)

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá TBS í Frístund greiða æfingargjöld til félagsins. Hámarksfjöldi 20 börn, fyrstir skrá, fyrstir fá. **Ef fleiri en 20 börn eru skráð í hópinn hefur skólaritari samband við þá foreldra sem skrá eftir að 20 barna takmarkinu er náð og býður foreldrum að velja aftur.**

Æfingargjöld:

Íþróttafélög innheimta hófleg æfingagjöld í gegnum Sportabler. Hægt er að nýta frístundastyrk til greiðslu æfingagjalda.

Foreldrar iðkenda TBS þurfa að vera á Facebooksíðu félagsins, þeir sem eru ekki þar þurfa að óska eftir aðgangi.

Síðan heitir TBS: Iðkendasíða (<https://www.facebook.com/groups/230134221000885>)



Æfingar hjá Blakfélagi Fjallabyggðar (BF)

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá BF í Frístund greiða æfingargjöld til félagsins. Ekki komast allar æfingarnar fyrir á milli kl. 13.35 – 14.35 hjá 1.-4. bekk og eru þær æfingar sem upp á vantar eftir skóla.

Blakfélagið áskilur sér rétt til að endurskoða æfingu ef fjöldi er innan við 10 börn.

Æfingargjöld:

Íþróttafélög innheimta hófleg æfingagjöld í gegnum Sportabler. Hægt er að nýta frístundastyrk til greiðslu æfingagjalda.

Foreldrar iðkenda BF þurfa að vera á Facebooksíðu félagsins, þeir sem eru ekki þar þurfa að óska eftir aðgangi. Síðan heitir Krakka- og unglingablað hjá BF

(<https://www.facebook.com/groups/1708278296077520>)



Söngsveit Evu

Söngsveitin er einn tími í viku í Frístund fyrir 3.-4.bekk.

Unnið er með grunnþætti tónlistarinnar í gegnum söng. Lögð er áhersla á að börnin læri einföld og skemmtileg lög, upplifi ólík blæbrigði tónlistarinnar og læri að hlusta og syngja sér til skemmtunar.

Mikil áhersla lögð á að það verði gaman og lagaval eftir áhugasviði barnanna.

Söngsveitin kemur fram á tónleikum Tónlistarskólans á Tröllaskaga og víðar.

Ekki er nauðsynlegt að vera skráður nemandi í tónlistarskólanum til að geta tekið þátt í Söngsveitinni.



Marimbasveit

Marimbasveitin hittist einu sinni í viku í eina klukkustund í Frístund. Unnið er aðallega með suður amerísk og afrísk lög sem hafa verið kennd vítt og breitt um heiminn. Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn Marimbanemenda og sé í góðu samstarfi við Grunnskóla Fjallabyggðar og Tónlistarskólann á Tröllaskaga þegar kemur að uppákomum og tónleikum. Hver nemandi lærir á 1-2 hljóðfæri í hverju lagi og allir skiptast á að spila á ólík hljóðfæri innan hljómsveitarinnar, það á enginn eitt hljóðfæri.

Marimbasveitin kemur reglulega fram en fastur liður eru vortónleikar sem jafnframt er lokamat á frammistöðu nemenda.



Bílskúrsbandið

Nemandi þarf ekki að hafa lært á hljóðfæri. Notaður er Ipad og læra nemendur að búa til tónlist með hjálp Ipads. Nemendur læra einfalda hljómfræði til að getað notað sýndarhljóðfæri. Nemendur læra einnig að byggja upp einföld lög og laglínur. Þeir læra að nota Ipad til upptöku fyrir söng og önnur hljóðfæri. Þá læra nemendur að koma lögum í hljóðblöndun og senda þau áfram í MP3.



Einstaklingstímar í tónlistarskólanum – hljóðfæranám / söngnám

Tíminn frá kl. 13.35 – 14.35 getur nýst fyrir einstaklingstíma í tónlist. Ekki er hægt að velja þetta í valformi heldur velja nemendur annað viðfangsefni en ef tónlistarnám kemur ofan í tímasetninguna fara nemendur úr Frístundarvalinu.